

Ársskýrsla 2005

Efnisyfirlit

Starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2005	4
Þriðja starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	4
Stjórn	4
Starfsmenn	4
Húsnæði og vinnuaðstaða	4
Þjónustusamningur við menntamálaráðuneytið	4
Fjárhagur	5
Samstarfsvettvangur ASÍ og SA.....	5
Húsfélag	5
Þjónustu- og samstarfssamningar	6
Verkefnasamningar	7
Markhópurinn.....	8
Námsráðgjöf á vinnustaðnum	8
Námshvatning á vinnustað	8
Lestrarrannsókn	9
NILS	9
Úrvinnsla á gögnum sem Hagstofa Íslands hefur safnað	9
Námsleiðir fyrir fólk á vinnumarkaði.....	9
Skilgreiningar á menntunarbörfum	9
Þarfagreiningar	10
Nýjar námsleiðir	10
Dreifing á námsskrám FA	11
Tilraunakennsla	11
Gæði námsleiðanna	11
Mat á óformlegu námi og raunfærni.....	12
Mat á námsskrám	12
Upplýsingaöflun	13
Tilraunaverkefni	14
Námsferilsskrár	15
Upplýsingasöfnun og miðlun	15
Ársritið Gátt	15
Útgáfa á námsskrám	16
Kynningarefni	16
Fundir og ráðstefnur	16
Önnur verkefni	16
Fagrað verslunar og þjónustu.	16
Nordiskt Nätverk för Vuxnas Lärande	17
Leonardo da Vinci tilraunaverkefni: VOW	18
Stofnun fullorðinsfræðslusamtaka	19
Fylgiskjöl:	20
Almennir samningsskilmálar (óbreyttir frá síðasta ári)	20
Verkátun 2005	21
Markmið og árangur verkefna 2005	22
Yfirlit yfir fræðslu annarra aðila sem FA veitir þjónustu	23
Námskeið sem FA annast	29
Þarfagreiningar	29
Námsskrár til mats í menntamálaráðuneyti	29

Námsráðgjöf	29
Raunfærni ráðgjöf	29
Önnur undirbúnings- og þjónustuverkefni 2005.	30
Samanburður á fjárhagsáætlun og rauntölum 2005	33

Starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2005

Priðja starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Árið 2005 er þriðja starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var opnuð formlega þann 21. nóvember 2003, en samningur við menntamálaráðuneytið hafði verið undirritaður í apríl 2003. Sá samningur gildir til loka árs 2006, en í árslok 2005 hófust viðræður um endurnýjun þjónustusamningsins.

Stjórn

Aðalfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn 1. júní 2005. Í stjórn voru kosnir: Gylfi Arnbjörnsson, formaður, Gústaf Adolf Skúlason, varaformaður, Emil B. Karlsson, Finnbjörn A. Hermannsson, Garðar Vilhjálmsson og Ingi Bogi Bogason. Varamenn í stjórn voru: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fyrir hönd ASÍ og Jónína Gissurardóttir fyrir hönd SA. Þann 4. nóvember hætti Garðar Vilhjálmsson í stjórn og við tók Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Stjórnin hélt 8 stjórnarfundum á árinu. Auk þess var aðalfundur haldinn þann 1. júní og ársfundur þann 23. nóvember.

Starfsmenn

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Ásmundur Hilmarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Sigrún Jóhannsdóttir og Sigrún Kristín Magnúsdóttir. Á haustmánuðum voru ráðnir þrír nýir starfsmenn: Bjarni Ingvarsson, Björn Garðarsson og Sigríður Jóhannsdóttir. Stöðugildi voru u.þ.b. 7 að meðaltali á árinu,

Húsnæði og vinnuaðstaða

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er til húsa á Grensásvegi 16a. Fræðslumiðstöðin leigir allt húsið og jafnframt kennsluáðstöðu á Grensásvegi 16. Skrifstofa Fræðslumiðstöðvarinnar er á 2. hæð hússins. Fræðslumiðstöðin leigir samstarfsaðilum sínum skrifstofuhúsnæði og kennsluhúsnæði.

Þjónustusamningur við menntamálaráðuneytið

Greinargerð um starfsemi ársins 2004 var send ráðuneytinu fyrir 31. mars 2005, eins og þjónustusamningur kveður á um. Fundur var haldinn um greinargerðina í ráðuneytinu 12. maí. Á fundinum voru Karl Kristjánsson, Jens Pétur Hjaltested og Þórir Ólafsson fyrir hönd ráðuneytisins og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir fyrir hönd FA.

Starfs- og verkáætlanir ásamt fjárhagsáætlun voru sendar til menntamálaráðuneytis eins og þjónustusamningur segir til um fyrir 1. september. Í framhaldi var haldinn samráðsfundur milli aðilanna þann 20. september. Fundinn sátu Karl Kristjánsson og Jens Pétur Hjaltested af hálfu ráðuneytisins og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Fjárhagur

Framlögum menntamálaráðuneytisins til starfseminnar á árinu 2005 var ráðstafað að mestu leyti í samræmi við fjárhagsáætlun. Ekki kom þó til þess að notaður væri verkefnasjóður sá sem myndaðist vegna seinkunar á starfseminni á fystu árunum, eins og gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Framlag menntamálaráðuneytisins var 63.700.000. Aðrar tekjur ársins voru rúmar 16 milljónir eða um 50% aukning miðað við árið 2004.

Unnin var ítarleg greiðsluáætlun fyrir þriðja starfsár félagsins. Tekjur og gjöld voru áætluð um 86.500.000,-. Tekjur ársins 2004 urðu kr. 79.881.531,- eða um sjö milljónum lægri en áætlað hafði verið, enda hafði verið gert ráð fyrir að nota sjö og hálf milljón úr verkefnasjóði. Útgjöld voru áætluð 86.500.000 en urðu um 81.500.000.- Minni fjármunum var varið til sérfræðiþjónustu, gagnagrunns, ferðakostnaðar og útgáfu og kynningarmála en áætlað var.

Miðað við áramót var óráðstafað af framlagi ársins 2003 og 2004 vegna launa, sérfræðiþjónustu og annarra verkefna kr. 26.900.000,-. Í ársreikningi 2005 er þessi fjárhæð færð meðal skulda sem fyrirframgreiðslur ólokinnna verka ásamt styrkveitingu úr menntaáætluninni Leonardo da Vinci vegna verkefnisins VOW. Um frekari upplýsingar vísast í ársreikning félagsins.

Samstarfsvettvangur ASÍ og SA

FA er samstarfsvettvangur ASÍ og SA um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði sem mun eiga samstarf við menntamálaráðuneytið og ýmsar fræðslustofnanir. FA er einnig ætlað að þjóna sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. (Úr þjónustusamningi)

Húsfélag

Frá því Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók til starfa hefur hún deilt húsnæði með Mími-símenntun, sem hefur leigt skrifstofu- og kennsluhúsnæði af FA.

Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, flutti inn í sambýlið á Grensásvegi 16a frá og með áramótum 2004. LandsMennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni flutti inn 1. október 2004. Hinn nýstofnaði sjóður Ríkismennt er jafnframt vistaður hjá Landsmennt.

Símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni (KVASIR) hafa skrifstofu- og fundaraðstöðu í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Fjarfundarbúnaður tengdur FS netinu er í húsnæði FA.

Viðræður við fræðslumiðstöðvarnar á Hallveigarstíg 1 um húsnæðissamvinnu héldu áfram á árinu, en lauk án árangurs í október 2005.

Þjónustu- og samstarfssamningar

Eftirfarandi samningar hafa verið gerðir við fræðsluaðila:

Við Mími-símenntun um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 30. október árið 2003.

Við Samtök verslunar- og þjónustu, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Verzlunarskóla Íslands um mat á óformlegu námi, kennslufræðinámskeið, verkefnisstjórnun og eftirfylgni, árangursmælingar og endurskoðun vegna tilraunaverkefnis í verslunarfagnámi. Samningurinn var undirritaður 9. september 2004.

Við Símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, um samstarf með það að meginmarkmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 12. nóvember 2004.

Við Menntafélag byggingariðnaðarins um námsskrárgerð og mat á óformlegu námi fyrir byggingarverkamenn. Samningurinn var undirritaður 17. nóvember 2004.

Við CFL í Svíþjóð vegna Nordiskt Nätverk för Vuxnas Lärande um að vera fulltrúi Íslands í norrænu neti, NVL, frá 1.1.2005-31.12.2006. Samningurinn var undirritaður 20. desember 2004.

Við Félagsmálaskóla alþýðu um samstarf með það að meginmarkmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum. Samningurinn var undirritaður 28. júní 2005.

Við Leonardo da Vinci um tilraunaverkefni á sviði raunfærnimats í atvinnulífinu. Verkefnið ber nafnið The Value of Work (VOW). Samningur var undirritaður 19. september 2005. Samningurinn er til tveggja ára.

Við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og Fagráð verslunar og þjónustugreina (FVP) um eflingu fagmenntunar á sviði verslunar- og þjónustu með því að annast ákveðin viðfangsefni á sviði fagmenntunar, eftirmenntunar og fræðslumála í umboði FVP. Samningurinn var undirritaður 14. október 2005.

Við Eimskipafélag Íslands um samstarf með það að meginmarkmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum. Samningurinn var undirritaður 1. desember 2005.

Verkefnasamningar

Við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum vegna námsskrárgerðar fyrir starfsmenn við laugar, lindir og böð (í Bláa lóninu). Samningurinn var undirritaður 18. nóvember 2004. Verkefninu er lokið.

Við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um námsskrárgerð fyrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu (Fagnámskeið I). Samningurinn var undirritaður 18. nóvember 2004. Verkefninu er lokið.

Við Menntafélag byggingariðnaðarins um námsskrárgerð vegna þriggja námsleiða fyrir almenna byggingarverkamenn: vega- og jarðvegssviðs, framleiðslusviðs og húsbyggingarsviðs. Samningurinn var undirritaður 28. desember 2004.

Við starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar um þarfagreiningu vegna núverandi námskeiða starfsfræðslunefndarinnar. Samningurinn var undirritaður 29. desember 2004. Verkefninu er lokið.

Við Starfsafl – starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins um undirbúning og framkvæmd fjarnáms í Leonardó-verkefninu „Námshvatning á vinnustað“. Samningurinn var undirritaður 27. janúar 2005. Verkefninu er lokið.

Við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi vegna námsskrárgerðar fyrir skólaliða. Samningurinn var undirritaður 12. apríl 2005.

Við Mími-símenntun fyrir hönd samstarfsaðila um endurskoðun námsskrár í jarðlagnatækni fyrir stærri markhóp. Samningurinn var undirritaður 6. júní 2005. Verkefninu er lokið.

Við Starfsafl – starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins um raunfærnimat verkamanna hjá Símanum miðað við námsskrá símsmiða við Iðnskólann og undirbúning að námstilboði fyrir þá verkamenn hjá Símanum sem rétt eiga á námstilboði samkvæmt bókun í sérkjarasamningi. Samningurinn var undirritaður 21. júní 2005.

Við Landspítala – háskólasjúkrahús vegna verkefnisins „Mannauður í þekkingarfyrirtæki á fjölþjóðlegum vinnustað“. Samningurinn var undirritaður 17. ágúst 2005.

Við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum vegna námsskrárgerðar fyrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu (Fagnámskeið II). Samningurinn var undirritaður 26. ágúst 2005.

Við Félagsmálaskóla alþýðu um þarfagreiningu vegna náms fyrir trúnaðarmenn og starfsmenn stéttarféлага. Samningurinn var undirritaður 3. nóvember 2005.

Markhópurinn

Meginmarkmiðið samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. (Úr þjónustusamningi).

Nauðsynlegt er að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hafi góðar vísbendingar um stærð markhópsins, dreifingu hans um landið, dreifingu hans á starfsgreinar, atvinnuleysi, hlutfall nýbúa og hvaðan þeir koma, stöðu markhópsins út frá námslegum forsendum og/eða stöðu í grunngreinum. Einnig er mikilvægt að þekkja vel þarfir markhópsins, hversu mikinn áhuga hann hefur á námi og hvort hægt er að auka þennan áhuga með hvatningu og stuðningi. Einnig þarf að vita hvort upplýsingar um möguleika til náms vantar. Það er ljóst að ýmsar hindranir geta verið á því að fullorðið fólk hefji nám að nýju, einkum hjá þeim sem hafa skemmsta skólagöngu. Náms- og starfsráðgjöf er mikilvægur þáttur í að afla þessara upplýsinga. Það er þess vegna liður í starfi FA að byggja upp náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði.

Námsráðgjöf á vinnustaðnum

FA tók þátt í verkefninu „Námsráðgjöf á vinnustað“ í samstarfi við Starfsafl, Eflingu-stéttarfélag, Mími-símenntun og ýmis fyrirtæki og stofnanir. Í verkefninu var lögð áhersla á að ná til markhóps FA með námsráðgjöf. Upplýsingum var safnað um þarfir og áhugasvið markhópsins. Verkefnið tók tvö ár og náði til 441 einstaklings. Kynningar í fyrirtækjum til 425 einstaklinga og af þeim komu 149 í einstaklingsviðtöl hjá ráðgjöfum á vinnustað eða um 35% af hópnum. Auk þeirra komu 16 einstaklingar í viðtal að eigin frumkvæði. Skýrsla var gerð um verkefnið í maí 2005. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga í nóvember 2005 kemur fram að haldið verður áfram með þetta verkefni á landsvísu.

Námshvatning á vinnustað

FA tók að sér framkvæmd námskeiðsins „Námshvatning á vinnustað“ sem er 100 stunda fjarnám um ráðgjöf ætlað fulltrúum fyrirtækja og stéttarféлага. Náminu er ætlað að þjálfa þátttakendur í því að leiðbeina samstarfsmönnum sínum um leiðir til þess að þróa færni sína m.a. með upplýsingagjöf um námstilboð og aðgengi að náms- og starfsráðgjöf. Verkefnið er evrópskt ráðgjafarverkefni, fjármagnað að hluta til með stuðningi frá Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Það var Starfsafl – starfsmennt Samtaka atvinnurekenda og Flóabandalagsins sem gerði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um

verkefnið. Fjóla María Lárusdóttir, náms- og starfsráðgjafi FA, sá um kennsluna. Sex nemendur tóku þátt í náminu og luku því.

Lestrarrannsókn

FA tók þátt í lestrarrannsókn með Elísabetu Arnardóttur og Guðmundi Kristmundssyni ásamt fleiri aðilum. Þau vinna að skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar. Á ársfundi FA í nóvember s.l. gerði Elísabet Arnardóttir grein fyrir helstu niðurstöðum sem varða markhóp FA. Ljóst er af rannsókninni að mun fleiri slakra lesenda er að vænta í markhópi FA en hjá fólki með lengri skólagöngu.

NILS

FA er þátttakandi í norrænu verkefni, NILS, sem hefur það að markmiði að upplýsa atvinnurekendur, stjórnvöld, stéttarfélög og almenning um notkun á ýmsum hjálpartækjum við lestur og skrift. Verkefninu er einnig ætlað að hvetja fólk í atvinnulífinu með lestrar- og skriftarerfiðleika að nota þessi hjálpartæki. Gefið verður út upplýsingaefni á næsta ári.

Úrvinnsla á gögnum sem Hagstofa Íslands hefur safnað

Í árslok 2005 hófst undirbúningur að samstarfi við Félagsvísindastofnun HÍ og menntamálaráðuneytið um vinnslu á gögnum sem Hagstofa Íslands hefur safnað í vinnumarkaðskönnunum. Niðurstöður munu liggja fyrir fyrri hluta árs 2006.

Námsleiðir fyrir fólk á vinnumarkaði

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, óháð búsetu á landinu. Jafnframt ber Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að styðja fræðsluaðila við að skilgreina menntunarfærir markhópa og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum. (Úr þjónustusamningi)

Skilgreiningar á menntunarpörfum

Markmiðið með samstarfssamningum við fræðsluaðila er að gera námsleiðir viðkomandi aðila fyrir markhóp FA aðgengilegar og gagnsæjar með það fyrir augum að hægt sé að fá þær metnar til eininga á framhaldsskólastigi, tryggja framkvæmd samstarfsaðilans á svæði sínu en jafnframt er leitast við að auðvelda framkvæmd námsleiða sem víðast á landinu. Einnig er markmiðið að búa til nýjar námsleiðir fyrir hópa sem ekki hafa notið fræðslu áður. Í því skyni býður Fræðslumiðstöðin fræðsluaðilum og öðrum samstarfsaðilum upp á samstarf um þarfagreiningar og í framhaldi af því lýsingu í námsskrá og mat til eininga á framhaldsskólastigi.

Þarfagreiningar

Þarfagreining var unnin fyrir Mími-símenntun og samstarfsaðila vegna námsskrár í jarðlagnatækni. Kannaðar voru þarfir stærri markhóps fyrir námið. Rætt var við nemendur, kennara og atvinnurekendur með það að markmiði að hægt verði að laga námið að þörfum verktakafyrirtækja á almennum markaði. Skýrslu var skilað í september 2005. Haldinn hefur verið einn kynningarfundur um skýrsluna.

Þarfagreining var unnin vegna námstilboðs fyrir þá verkamenn hjá Símanum sem rétt eiga á námstilboði samkvæmt bókun í sérkjarasamningi Eflingarstéttarfélags og Símans frá febrúar 2004. Tillaga að námi var undirbúin á grundvelli samtala við lykilstarfsmenn og stuðst við upplýsingar úr símaviðtölum við markhópinn. Haldnir voru fundir með stjórnendum og starfsmönnum Símans, þar sem farið var yfir námstilboðið og þarfir hópsins og fyrirtækisins ræddar. Lýsingu á náminu hefur verið skilað til Símans.

Á árinu var fylgt eftir skýrslunni Starfsfræðslunámskeið fiskvinnslunnar, „Greining fræðsluþarfa í fiskvinnslu“ með tveimur kynningarfundum. Fundur var haldinn með Starfsfræðslunefndinni 9. mars og með Starfsgreinasambandi Íslands-matvælasviði þann 19. september.

Nýjar námsleiðir

Á árinu voru gefnar út þrjár námsskrár. Þær eru *Fiskur og ferðaþjónusta* í samstarfi við Mími-símenntun, *Fagnámskeið I fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu* í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og *Ferðaþjónusta, laugar, lindir og böð* einnig í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Unnið var að nokkrum nýjum námsleiðum á árinu: *Fagnámskeið II fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu*, hannað af Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, 60 kennslustundir. *Skólaliðanám*, hannað af Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, 70 kennslustundir. *Vöruflutningaskólinn*, hannaður af Eimskipafélagi Íslands, 339 kennslustundir, þar af 48 í vinnustaðanám. Þessar námsskrár munu koma út í byrjun næsta árs.

Einnig var unnið að nýjum námsleiðum í samvinnu við Menntafélag byggingariðnaðarins vegna náms fyrir byggingarliða. Námið er ætlað starfsmönnum í byggingarstörfum, sem eru orðnir fullra 20 ára og hafa stundað störf í að minnsta kosti 6 mánuði. Um er að ræða grunnnám og í framhaldi af því nám á þremur mismunandi sviðum byggingarstarfa: *Grunnnám byggingarliða er*, 45 kennslustundir. Sviðin eru *Gatna- og jarðvinnusvið*, *Húsbyggingarsvið*, og *Framleiðslu- og sölusvið*. Hver námsleið um sig er 200 kennslustundir. Þessar námsskrár munu verða gefnar út eftir að tilraunakennslu lýkur og námsskrá hefur verið endurskoðuð í ljósi reynslunnar.

Dreifing á námsskrám FA

Markmiðið er að koma tilbúnum námsleiðum á framfæri við samstarfsaðila FA, svo þær standi markhópi FA til boða óháð búsetu. Í þessu skyni eru útgefnar námsskrár sendar til allra samstarfsaðila FA. Þær eru einnig birtar á vef FA www.frae.is

FA mun aðstoða samstarfsaðila sína við að finna leiðir til fjármögnunar á námsleiðunum. Námsleiðirnar eru þó enn fyrst og fremst kenndar hjá þeim fræðsluaðila sem hannaði námsleiðina. Með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í nóvember má vænta þess að breyting verði á, en þar er kveðið á um framlag til vottaðs náms sem hefur verið staðfest til mats á framhaldsskólastigi.

Tilraunakennsla

Námsskrá í verslunarfagnámi, sem hönnuð var á árinu 2004, hefur verið kennd á árinu 2005 fyrir starfsmenn þeirra fyrirtækja sem komu að undirbúningi námsins. Tilraunanámið fer fram í Verslunarskóla Íslands. Tekinn var inn nýr hópur á haustmánuðum. Niðurstöður úr tilraunanáminu munu liggja fyrir á miðju ári 2006 og þá verður námsskráin endurskoðuð og gefin út í framhaldinu. Framlag starfsmanna FA vegna tilraunanámsins felst m.a. í ráðgjöf og gæðaeftirliti.

Námsleiðin Fiskur og ferðapjónusta var kennd í fyrsta skipti á Húsavík í samstarfi Mímis-símenntunar og Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga. Fyrri hluti námsins fór fram á vormánuðum og síðari hlutinn á haustmánuðum. Hópurinn útskrifaðist á Húsavík, eftir 300 kennslustunda langt nám, 16. desember 2005. Námsskráin reyndist vel og ekki eru fyrirhugaðar breytingar á henni.

Gæði námsleiðanna

Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að tryggja að gæði fræðslunnar séu sem allra best hjá framkvæmdaraðilum námsins, en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér **ekki** um framkvæmd námsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir hins vegar kröfu á samstarfsaðila sína um að þeir framfylgi almennum samningsskilmálum FA, m.a. um gæði í framkvæmd og kennslu. Til að sinna þessu hefur verið unnið að eftirfarandi verkefnum:

Hópur sérfræðinga er FA til ráðuneytis um kennslufræðileg málefni. Hópurinn skipa Hróbjartur Árnason, KHÍ, Guðrún Geirsdóttir, HÍ og Anna Þóra Baldursdóttir, HA. Sérfræðingahópur FA hittist tvisvar á árinu, 24. febrúar og 15. desember.

FA býður samstarfsaðilum sínum upp á námskeið um kennslufræði fullorðinna. Skipulagt hefur verið eitt grunnnámskeið „Stiklur“ og hafa verið haldin fjögur slík námskeið á árinu; fyrir Fræþing, Fræðslumiðstöð iðnaðarins, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Mími-símenntun. Einnig var haldið eitt námskeið fyrir starfsþjálfva vegna verslunarfagnáms í Verzlunarskóla Íslands. Lýsing á Stiklum og öðrum mögulegum námskeiðum er á heimasíðu FA. www.frae.is

Námsefni um kennslu í fjarfundarbúnaði sem unnið var í samstarfi við Símann hefur nú verið sett á vef FA. Námsefnið er einnig á vef Símans.

Byggt hefur verið upp gagnasafn um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í húsa- kynnum FA. Unnið hefur verið að skráningu safnsins á árinu. Í undirbúningi eru reglur um útlán og kynning safnsins fyrir samstarfsaðilum FA.

Á árinu var unnin yfirgripsmikil vinna við að skilgreina gæðaviðmið í fræðslustarfsemi FA og samstarfsaðila. Fundur var haldinn um gæðamál með símenntunarmiðstöðvunum, og Mími-símenntun 25. ágúst. Fundinn sóttu um 12 manns og var lagður grunnur að þeim gæðaviðmiðum sem þyrfti að setja fram. Fræðslumiðstöðin hélt síðan áfram að vinna í málinu á haustmánuðum í samstarfi við Arneyju Einarsdóttir hjá fyrirtækinu HRM. Handrit var tilbúið í árslok og sent símenntunarmiðstöðvunum til yfirlestrar. Fundur verður haldinn með þeim í byrjun næsta árs þar sem gæðaviðmiðin verða yfirfarin og tekið tillit til athugasemda samstarfsaðilanna. Gæðaviðmiðin verða sett á vef FA í ársbyrjun 2006.

Fulltrúi FA tekur þátt í undirbúningshópi í ALL verkefninu, sem er erlent samstarfsverkefni á vegum Menntar. Í verkefninu mun verða lýst kerfi um vottun fræðsluaðila. Niðurstöður ALL verkefnisins voru lagðar til grundvallar gæðaviðmiðum FA, sem greint er frá hér að ofan.

Mat á óformlegu námi og raunfærni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skal aðstoða menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir við mat á námi og námsárangri, þ.m.t. mat og vottun á óformlegu námi og starfspjálfun í samstarfi við atvinnulífið og fræðsluaðila. Einnig að taka þátt í að þróa aðferðir við uppbyggingu námsferilskrár fyrir einstaklinga í markhópnum. (Úr þjónustusamningi).

Í matsnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins eru Ólafur Grétar Kristjánsson og Þórir Ólafsson frá menntamálaráðuneytinu, Sölvi Sveinsson, fyrir hönd Félags framhaldsskóla, og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, FA. Hópurinn hélt tvo fundi á árinu 2005 og lagði til að menntamálaráðuneytið staðfesti mat á 10 námsskrám til styttingar á námi í framhaldsskóla.

Mat á námsskrám

Í júní staðfesti menntamálaráðuneytið að meta mætti þrjár námsleiðir frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Mími-símenntun til styttingar á námi í framhaldsskóla með þeim hætti sem matsnefndin gerði tillögu um. Ráðuneytið ritaði framhaldsskólunum bréf um málið en mat á námi á framhaldsskólastigi er í höndum skólameistara og er það ávallt einstaklingsbundið. Þær námsleiðir sem voru metnar eru: *Ferðapjónusta, laugar, lindir, böð* sem metin er til allt að 9

eininga, *Fagnámskeið I fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu* til allt að 5 eininga og *Fiskur og ferðaþjónusta* til allt að 24 eininga.

Á fundi sínum í nóvember fjallaði matsnefndin um sjö námsleiðir og voru erindi send til ráðuneytisins vegna mats á þeim.

Þann 9. desember var sent bréf til menntamálaráðuneytisins með ósk um staðfestingu á mati til styttingar á námi í framhaldsskóla á eftirtöldum námsleiðum: *Fagnámskeið II fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu*, hannað af Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum metið til allt að 5 eininga. *Skólaliðanám*, hannað af Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi metið til allt að 6 eininga. *Vöruflutningaskólinn*, hannaður af Eimskipafélagi Íslands metinn til allt að 23 eininga. Þessar námsskrár munu koma út í byrjun næsta árs.

Þann 9. desember var einnig sent bréf til menntamálaráðuneytisins og óskað eftir staðfestingu á að meta megi 4 tilraunanámsskrár til styttingar á námi í framhaldsskóla. Námsleiðirnar eru unnar í samvinnu við Menntafélag byggingariðnaðarins vegna náms fyrir byggingarliða. Námið er ætlað starfsmönnum í byggingarstörfum, sem eru orðnir fullra 20 ára og hafa stundað störfin í að minnsta kosti 6 mánuði. Um er að ræða grunnnám og í framhaldi af því nám á þremur mismunandi sviðum byggingarstarfa: *Grunnnám byggingarliða* metið til allt að 3 eininga. *Gatna- og jarðvinnusvið* metið til allt að 16 eininga. *Húsbyggingarsvið* metið til allt að 16 eininga. *Framleiðslu- og sölusvið* metið til allt að 16 eininga. Þessar námsskrár munu verða gefnar út eftir að tilraunakennslu lýkur og námsskrá hefur verið endurskoðuð í ljósi reynslunnar.

Upplýsingaöflun

Þann 2.-4. apríl fór Fjóla María Lárusdóttir, náms- og starfsráðgjafi FA, á ráðstefnu NVL um raunfærnimat; VUXNAS LÄRANDE – VALIDERING/ERKÄNNANDE AV REELL KOMPETENS, en ráðstefnan var haldin í Helsingör í Danmörku.

Þann 13.-14. maí fór Guðmunda Kristinsdóttir, sérfræðingur FA, á ráðstefnu um fullorðinsfræðslu; ADULT EDUCATION – LIBERTY, FRATERNITY, EQUALITY? Ráðstefnan var haldin af Centre for Research on Lifelong Learning and Education og The Finnish Adult Education Research Association í samvinnu við The Finnish national graduate school KASVA í Turku, Finnlandi. Fjallað var m.a. um sérstöðu Norðurlandanna í fullorðinsfræðslu.

Þann 26.-28. október fóru Fjóla María Lárusdóttir, náms- og starfsráðgjafi og Bjarni Ingvarsson, vinnusálfræðingur, starfsmenn FA, á ráðstefnu NVL um raunfærni í atvinnulífinu; VALIDERING I ARBETSLIVET. Ráðstefnan var haldin í Stokkhólmi, Svíþjóð.

Þann 30. október-2. nóvember fór Sigrún Jóhannesdóttir, kennsluráðgjafi FA, á ráðstefnu um nýjungar í kennslufræðum fullorðinna og atvinnulífsfræðslu; LEARNING 2005, til Orlandó í Flórída.

Þann 8.-9. nóvember fóru Fjóra María Lárusdóttir, náms- og starfsráðgjafi og Bjarni Ingvarsson, vinnusálfræðingur, starfsmenn FA á ráðstefnu NVL um raunfærnimat til styttingar á námi; VALIDERING INOM UTBILDNINGSSYSTEMET. Ráðstefnan fór fram í Helsinki, Finnlandi.

Þann 17.-19. nóvember fóru Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA, og Sigrún Kristín Magnúsdóttir, tengiliður NVL, til Noregs til að taka þátt í tveimur ráðstefnum um raunfærni; BALTIC-NORDIC SEMINAR ON VALIDATION OF LEARNING, sem haldin var í samstarfi NVL, EAEA (Evrópusamtök um nám fullorðinna) og NAAL (Norska sambandið um nám fullorðinna) og VALUING LEARNING SEMINAR, sem haldið var af EAEA (Evrópusamtökum um nám fullorðinna).

Þann 30. nóvember til 2. desember fór Bjarni Ingvarsson, vinnusálfræðingur hjá FA, á ráðstefnuna; PEER REVIEW: THE EMPLOYER TRAINING PILOTS. Ráðstefnan fór fram í Sheffield á Englandi. Þessi ferð var farin fyrir stjórnvöld, sem sendu tvo sérfræðinga til mats á verkefninu. Annar sérfræðingurinn var frá FA, hinn var frá Háskóla Íslands.

Tilraunaverkefni

Tilraunaverkefni sem var unnið í samstarfi við Símann, Eflingu-stéttarfélag, Iðnskólann í Reykjavík og Starfsafl um mat á færni verkamanna hjá Símanum inn í símsmiðanám í Iðnskólanum lauk á árinu. Alls fóru 11 starfsmenn í matsviðtöl í hinum ýmsu áföngum, 8 fengu raunfærni metna til styttingar á símsmiðanámi við Iðnskólann í Reykjavík.

Fulltrúi FA tók þátt í undirbúningshópi fyrir tilraunaverkefni Mímis-símenntunar í samstarfi við fræðslumiðstöðvar iðngreina, Borgarholtsskóla og Iðnskólann í Reykjavík með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Í verkefninu er leitað leiða til að meta raunfærni þeirra starfsmanna í iðngreinum sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi og finna leið fyrir þá til að ljúka námi. Haldnir voru 3 fundir til undirbúnings verkefninu. Verkefnið þróaðist þannig að ákveðið var að leggja áherslu á eina iðngrein; vélvirkjun. Þátttakendur í verkefninu voru í upphafi 26 manns sem tóku þátt í kynningarfundum og 23 skráðu sig í viðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa, sem verða á dagskrá snemma á næsta ári.

Mannauður í þekkingarfyrirtæki á fjölbjóðlegum vinnustað: Líkan fyrir yfirfærslu þekkingar og færni á vinnustað. Verkefnið er unnið í samstarfi við Landspítala-háskólasjúkrahús, Eflingu-stéttarfélag með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Verkefnið miðar að því að greina þekkingu sem til staðar er í mannauði vinnustaðarins, leita leiða til yfirfærslu þekkingar innan hans, efla samstarf og starfsanda og gera starfsmönnum kleift að þroskast og þróast í starfi. Markhópurinn er einstaklingar sem starfa á öldrunarsviði, með skamma skólagöngu að baki og er sérstök áhersla lögð á þátttöku nýbúa. Á árinu skipulagði stýrihópur ferlið og vann í þróun færniviðmiða. Haldnir voru kynningarfundir með starfsfólki og deildarstjórum. Alls 18 þátttakendur fylltu út

sjálfsmatslista út frá starfstengdnum færniviðmiðum. Greining á færni hófst í árslok. Verkefninu verður haldið áfram á næsta ári.

Fulltrúar FA komu að verkefni í raunfærnimati á vegum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS). Um er að ræða hóp byggingarverkamanna á Suðurnesjum sem hafa áhuga á að ljúka formlegu námi í byggingargreinum. Þeir sækja nám á vegum MSS og fara í gegnum raunfærnimat á vegum MSS og Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Hlutverk FA er að vera ráðgefandi í ferlinu. Haldnir voru 3 undirbúningsfundir á árinu. Þátttakendur í verkefninu eru 19.

Í undirbúningi er verkefni á vegum SAMIÐNAR sem sprottið er úr vinnustaðakönnun Samiðnar, þar sem fram hefur komið að 60% þeirra sem gegna faglærðum störfum eru lærðir iðnaðarmenn, en 40% eru ófaglærðir. Af þeim ófaglærðu er helmingurinn erlendir starfsmenn og helmingurinn er Íslendingar, sem hafa aflað sér þekkingar og færni með störfum sínum á vinnumarkaði. Markmiðið er að búa til varanlega leið í menntakerfinu fyrir menn sem starfa sem faglærðir þótt þeir hafi ekki lokið námi í grein sinni. Um er að ræða allar greinar byggingariðnaðarins. Fundur var haldinn 31. október og verður skipuð verkefnisstjórn sem tekur til starfa á næsta ári.

Námsferilsskrár

Markmið með uppbyggingu námsferilsskráa er að finna auðvelda leið til að halda utan um námsferil einstaklinga í formlegu og óformlegu námi, jafnframt því að halda utan um raunfærnimat einstaklinga, jafngildingu mats miðað við formlegt nám, staðfesta færni á vinnumarkaði og hugsanlega einnig aðra færni sem ekki hefur verið metin né staðfest. Þetta verkefni er skammt á veg komið. Ekki var unnið í því á árinu 2005.

Upplýsingasöfnun og miðlun

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skal annast almenna upplýsingagjöf um fræðslumál og söfnun og miðlun upplýsinga fyrir markhópana. (Úr þjónustusamningi)

Kynningarstarf er nauðsynlegt í starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar. Auk viðhalds á heimasíðu, ýmissa kynningarfunda og viðtala í dagblöðum, í félagsblöðum og útvarpi eru helstu áherslur í kynningarmálum:

Ársritið Gátt

Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er gefið út einu sinni á ári í tengslum við ársfund félagsins. GÁTT er liður í kynningu á málefnum þeim sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið falið að vinna að. Gátt 2005 fjallar um fullorðinsfræðslu fyrst og fremst en einnig eru greinar um önnur viðfangsefni FA. Gátt er vandað rit tæpar 100 síður að lengd. Ritið var sent mjög víða, m.a. til

framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og bókasafna. Ársritið er einnig á vef Fræðslumiðstöðvarinnar, www.frae.is.

Útgáfa á námsskrám

Þrjár námsskrár voru gefnar út á árinu. Þetta er námsleið Mímis-símenntunar „Fiskur og ferðapjónusta“ og námsleiðir Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum: „Fagnámskeið I fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu“ og „Ferðapjónusta, laugar, lindir og böð“. Þessar námsskrár eru einnig á vef Fræðslumiðstöðvarinnar www.frae.is.

Kynningarefni

Tekin var ákvörðun um það á síðasta ári að vinna kynningarefni fyrir námsleiðirnar sem komið hafa út hjá Fræðslumiðstöðinni. Á árinu komu út kynningarbæklingar um fjórar af þeim námsleiðum sem lýst hefur verið í námsskrám. Þær eru „Grunnmenntaskólinn“, „Landnemaskólinn“, „Fiskur og ferðapjónusta“ og „Jarðlagnatækni“. Þetta er liður í því markmiði FA að veita fræðsluáðilum þjónustu og auðvelda þeim að ná til markhópsins

Fundir og ráðstefnur

Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn 23. nóvember á Hótel Nordica. Fundinn sátu 64 manns. Fundarefni var kennslufræði fullorðinna. Nokkrir fyrirlesarar bæði innlendir og erlendir fjölluðu um ýmis málefni sem varða kennslufræði fullorðinna.

Fjöldi annarra kynningarfunda var haldinn af starfsmönnum FA og er gerð grein fyrir þeim í fylgiskjali: Önnur undirbúnings- og þjónustuverkefni 2005.

Önnur verkefni

Fagráð verslunar og þjónustu.

